



Yfirferð skipulagsfulltrúa

Gátlisti fyrir yfirferð skipulagsfulltrúa á deiliskipulagsgögnum áður en þau eru send Skipulagsstofnun til athugunar eftir auglýsingu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Hér á eftir eru sett fram þau atriði sem fara þarf yfir áður en deiliskipulagsgögn eru send Skipulagsstofnun til athugunar til að tryggja bæði gæði gagna og skilvirkni við afgreiðslu mála.

SAMRÁÐ

- ☐ Óskað hefur verið eftir umsögnum lögbundinna umsagnaraðila, s.s. Vegagerðar, Heilbrigðiseftirlits, Náttúruverndarstofnunar, Minjastofnunar, Fiskistofu, Veðurstofu o.fl. eftir því sem við á.
- ☐ Haft var samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu svo sem lóðarhafa, við vinnslu tillögunnar.
- ☐ Leitað var eftir umsögn nágrannasveitarfélags (á við ef svæðið liggur að mörkum sveitarfélags).

DEILISKIPULAG LAGT FRAM TIL ATHUGUNAR EFTIR AUGLÝSINGU Í SKIPULAGSGÁTT

- ☐ Endanleg skipulagsgögn (uppdráttur og greinargerð) með breytingum ef það á við.
- ☐ Upplýsingar um málsmeðferð sem óskað er eftir samkvæmt skipulagslögum og dagsetning samþykktar í nefndum fyrir og eftir auglýsingu.
- ☐ Upplýsingar um lögbundinn kynningartíma, afgreiðslu í nefndum og umfjöllun um hvort athugasemdir/umsagnir bárust á kynningartíma.
- ☐ Afrit af umsögunum og/eða athugasemdum sem bárust á kynningartíma (séu þær ekki í fyrri fasa í Skipulagsgátt).
- ☐ Samantekt á viðbrögðum sveitarstjórnar við athugasemdum, ef við á (sé hún ekki í fyrri fasa í Skipulagsgátt). Upplýsingar um hvort breytingar hafi verið gerðar á gögnum.
- ☐ Afrit af auglýsingum, þ.m.t. í Lögbirtingi.
- ☐ Stafræn gögn ef um nýtt deiliskipulag er að ræða eða ef breyting á gildandi deiliskipulag er til á stafrænu formi.
- ☐ Önnur fylgiskjöl eftir því sem við á s.s. skýringaruppdrættir, hættumat, húsakönnun, fornminjaskráning, úttekt á hávaða eða sprungusvæðum.
- ☐ Málið er tengt við samsvarandi aðalskipulagsbreytingu (ef við á).